



Ársskýrsla

2018



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
central@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Starfsemi Rauða krossins á árinu 2018	4
Innanlandsstarf	
Samantekt úr starfi deilda	6
Myndasýrpa frá starfinu	10
Alþjóðaverkefni	
Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2018	13
Sendifulltrúar í eftirfarandi löndum og helstu verkefni á árinu	15
Myndasýrpa frá starfinu	16
Fjármál	
Tekjur og framlög 2018	18
Lykiltölur úr reksrinum	19

Ávarp formanns

Árið 2018 hefur sannarlega verið viðburðaríkt hjá Rauða krossinum og bera verkefni það með sér að mikil þörf er fyrir starfsemi félagsins. Allt starf Rauða krossins er borið upp af sjálfböðaliðum. Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóða-hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem telur 191 landsfélög og samanlagt sinna 17 milljónir sjálfböðaliða-verkefnum hreyfingarinnar á vettvangi.

Helstu verkefni deilda Rauða krossins á Íslandi eru neyðarvarnir og eru sjálfböðaliðar ávallt til taks ef til útkalls kemur. Einnig sinna sjálfböðaliðar fatasöfnun og skyndihjálparfræðslu um allt land. Á hverju ári bætast nýir sjálfböðaliðar í hópinn meðan aðrir hætta. Á árinu 2018 voru gerðir yfir 800 nýir samningar við sjálfböðaliða og í lok árs voru skráðir yfir 3.000 sjálfböðaliðar hjá deildum Rauða krossins á Íslandi í yfir 3.700 verkefnum.

Allt starf Rauða kross hreyfingarinnar stefnir að því að létta þjáningu fólks og koma í veg fyrir hana, að vernda líf og heilsu og tryggja einstaklingum þá virðingu sem þeim ber. Hreyfingin leggur sig fram um að sýna óhlutdrægni í verki, gerir engan greinarmun á þjóðerni, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Á árinu tók Rauði krossinn á Ísland á móti 52 kvótaflóttamönnum til landsins. Flóttafólkið kom frá Sýrlandi, Írak og Úganda og settist að á Ísafirði og Flateyri, í Súðavík, Fjarðabyggð og Mosfellsbæ. Íbúar hafa tekið á móti nýjum samborgurum sínum með opnum örmum og boðið þá velkomna.

Því miður gera framtíðarspár ráð fyrir að fjöldi flóttamanna muni vaxa á komandi árum, til að mynda vegna loftlagsbreytinga. Tölur Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna benda til þess að aldrei hafa fleiri verið á flótta en á árinu 2018. Stofnunin gerir ráð fyrir að tæpar 70 milljónir manna hafi hrakist frá heimilum sínum og rúmar 25 milljónir þeirra teljist flóttamenn. Þessar tölur eru þær hæstu sem sést hafa frá því mælingar



SP hófust. Má því segja að aldrei hafi verið jafn mikil þörf á að þjóðir heims sýni samborgurum sínum mannúð í verki.

Pungamiðjan í starfi Rauða krossinn er að vera málsvari þeirra er sem höllum fæti standa í samfélaginu. Á árinu stofnaði Rauði krossinn á Íslandi sjóð sem ætlað er að veita neyðarstyrki til þeirra sem búa við sárafátækt. Því miður búa margir við félagslega einangrun og einmanaleika og því hefur Rauði krossinn lagt áherslu á vinaverkefni sem ætlað er að draga úr félagslegri einangrun. Það er gert með heimsóknum, símtölum, samveru hópa og aðstoð við félagslegar athafnir. Hér má líka sérstaklega nefna Félagsvini eftir afplánun sem er nýtt verkefni hjá deildum Rauða krossins og ætlað fólki sem hefur nýlengið fangelsisvist.

Rauði krossinn leggur sig fram um að mæta samborgurum sínum af virðingu og óhlutdrægni. Skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins þar sem veitt er heilbrigðisaðstoð og nálaskiptaþjónusta er sinnt á höfuðborgarsvæðinu eins og undanfarin ár og á árinu fór verkefnið einnig af stað hjá Eyjafjarðardeild.

Starfsemi Rauða krossinn á Íslandi var umfangsmikil á árinu 2018 og eru ekki vísbendingar um að félagið muni hafa minna að gera á komandi árum. Í þeim verkefnum er ómetanlegt að geta treyst á sjálfböðaliða félagsins og Mannvini Rauða krossins. Um leið og ég þakka sjálfböðaliðum fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, Mannvinum fyrir framlag þeirra og að ógleymdum starfsmönnum um allt land fyrir vel unnin störf, treysti ég á áframhaldandi samstarf við ykkur í þeim verkefnum sem framundan eru.

Kær kveðja
Sveinn Kristinsson
Formaður Rauða krossins á Íslandi

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2018

Á árinu 2018 ráðstafaði Rauði krossinn á Íslandi um 2.614 milljónum króna til verkefna sem er 340 milljón krónum meira en árið áður. Það má segja að þetta sé vísbending um að mikil þörf sé fyrir mannúðarsamtök eins og Rauða krossinn en líka að íslensk stjórnvöld, almenningur og samstarfsaðilar treysta félaginu til að leysa þau verkefni sem því eru falin.

Brýn verkefni í mannúðarmálum

Rauði krossinn á Íslandi ráðstafaði nærri 514 milljónum króna í alþjóðlegt hjálparstarf á árinu 2018 sem er 10% aukning frá árinu þar á undan. Nærri 53% af þeim fjármunum sem var varið í hjálparstarf komu í gegnum samninga milli Rauða krossins og íslenskra stjórnvalda. Stærstu verkefni tengdust sýrlenskum flóttamönnum eða um 200 milljónir króna.

Í rekstri Rauða krossins er ávallt haft að leiðarljósi að halda kostnaði í lágmarki og tryggja ábyrga meðferð fjármuna. Samhliða því er lögð áhersla á nýsköpun og frumkvæði til að viðhalda kraftmiklu

starfi innan félagsins og hvetja til þróunar og nýbreytni í verkefnum. Félagið varði um 105 milljónum króna til að kynna starfsemi félagsins og í fjáröflun sem er rétt undir 4% af heildartekjum félagsins.

Viðbragðsfélag

Rauði krossinn er viðbragðsfélag og bregst á hverju ári við fjölda alvarlegra atburða svo sem náttúruhamförum, húsbrunum, samgöngu- og vinnuslysum. Einnig er félagið mikilvægur hluti af kerfi almannavarna ríkisins. Að öllu jöfnu er ekki hægt að spá fyrir um óhöpp eða slyss sem ber að höndum og því er lykilatriði að Rauði krossinn búi yfir fjárhagslegu sjálfstæði til að tryggja skjót viðbrögð þegar á reynir. Í allri fjáröflun félagsins er því lögð áhersla á fjölbreytt tekjustreymi.

Aukinn stuðningur

Rauði krossinn á Íslandi fann sannarlega fyrir auknum stuðningi frá almenningi og hinu opinbera á árinu 2018. Á árinu fór Rauði krossinn í sérstak átak til að kynna Mannvini undir slagorðunum „Mannvinir eru allra mál“. Í lok árs höfðu framlög frá

Mannvinum Rauða krossins aukist um 10% milli ára. Framlög og gjafir til deilda jukust um 30% og Rauði krossinn fékk styrk frá almenningi til kaupa á neyðarvarnarbúnaði fyrir um 44 milljónir króna á árinu. Sérstaklega ánægjulegt var að finna fyrir stuðningi fyrirtækja vegna neyðaraðstoðar við einstaklinga þar sem vöxturinn var yfir 100% á milli ára. Í heildina var 25% aukning milli ára á frjálsum framlögum.

Samningsbundin framlög við ríki og sveitarfélög hækkuðu um 27% milli ára. Aukin framlög fóru helst til verkefna tengdum stuðningi við flóttafólk og til reksturs fyrir fólk með geðraskanir á höfuðborgarsvæðinu. Alls jókst þróunar- aðstoð um 35% milli ára.

Tími endurnýtingar og umhverfismála

Á árinu 2018 voru tekjur af fatasöfnun 254 milljónir króna sem er 8 milljón króna aukning milli ára. Í nær öllu starfi Rauða krossins er stólað á sjálfbærni. Í fata- verkefnum er framlag sjálfbærni sérstaklega mikilvægt þar sem tekið var á



„Þegar við sinnum fólki í miðjum harmleik spyr það oft hvað það eigi að borga. Það slær mig. Því þú borgar ekki fyrir aðstoð.“

— Gylfi, sjálfbærni í viðbragðshópi Rauða krossins

Mannvinir eru *allra* mál.

Vilt þú vera Mannvinur?
mannvinir.is

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2018

móti um 3000 tonnum af fatnaði og öðrum textíl á árinu. Rauði krossinn rekur 13 fataverslanir um land allt þar sem seld eru notuð föt og skór á hagstæðu verði. Eingu göngu sjálfboðaliðar starfa í verslunum Rauða krossins. Á höfuðborgarsvæðinu starfa um 140 sjálfboðaliðar í fataverkefninu.

Allt sem ekki er selt í verslunum innanlands er sent til endurvinnsluaðila erlendis. Rauði krossinn finnur sannarlega fyrir auknum áhuga almennings á að gefa föt til góðgerðarmála. Rauði krossinn nýtur stuðnings frá Eimskip í fataverkefninu og efnt var til sérstaks átaks undir slagorðunum „*Gefðu þínum görmum glæsta framtíð*“ í samstarfi við Eimskip, þar sem fólk var hvatt til að endurnýta gömul föt með því að gefa þau til góðgerðarmála.

Skyndihjálp

Útbreiðsla kunnáttu í skyndihjálp hefur verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi í um 80 ár. Á skyndihjálparnámskeiðum er lögð áhersla á að kenna rétt viðbrögð í neyð og einfaldar

aðferðir skyndihjálpar. Allt fræðsluefnið er gefið út af Rauða krossinum. Á árinu 2018 voru haldin alls 234 námskeið í skyndihjálp. Alls luku 14.367 manns skyndihjálparnámskeiði hjá Rauða krossinum á árinu.

Milli ára var 35% aukning af tekjum vegna seldra námskeiða þar með talið skyndihjálparnámskeiða.

Rauði krossinn á Íslandi

Heildarföldi stöðugilda hjá félaginu voru að meðaltali 105 á árinu, þar af voru að jafnaði tveir sendifulltrúar að störfum allt árið. Í lok árs 2018 voru félagsmenn Rauða krossins á Íslandi 20.192 talsins. Á árinu voru gerðir 857 nýir samningar við sjálfboðaliða. Alls voru skráðir 3.833 einstaklingar sem sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum sem voru í 4.709 verkefnum hjá deildum félagsins víðsvegar um landið. Í lok árs 2018 voru 41 deild starfandi á landinu.

Framlög til alþjóðlegs hjálparstarfs hafa aldrei verið hærra en á árinu 2018.

Í gegnum alþjóðlegt hjálparstarf veitir Rauði krossinn á Íslandi annars vegar lífsbjargandi mannúðaraðstoð til þolenda vopnaðra átaka og náttúruhamfara og hins vegar þróunaraðstoð vegna fátæktar og ójöfnuðar í fátækustu ríkjum heimsins. Lögð er áhersla á að mæta þörfum berskjaldaðra kvenna og stúlkna og berjast fyrir auknu jafnrétti kynjanna og gegn hvers kyns kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Á árinu var hrundið af stað átaki til að bæta aðbúnað skólabarna í Malaví og þá sérstaklega stúlkna undir slagorðinu „*Gjafir til góðra verka*“. Þar gefst almenningi kostur á að kaupa gjafabréf til að styrkja malavísk skólaborð til skólagoöngu eða fjölnota dömubindi fyrir malavískar skólastúlkur. Átakið gekk vonum framar.



„Þessar manneskjur sem ég bjargaði úr bátum eru eins og þú og ég. Fólk er bara fólk.“
— Jóhanna, hjúkrunarfræðingur og sendifulltrúi

Mannvinir eru
allra **mál.**

Viltu þú vera Mannvinur?
mannvinir.is

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfi deilda

Deildir Rauða krossins

Deildum Rauða krossins fækkaði úr 42 í 41 á árinu þar sem Vopnafjarðardeild og Héraðs- og Borgarfjarðardeild sameinuðust á haustdögum 2018 og ber ný deild heitið Rauði krossinn í Múlasýslu eða Múlasýsludeild.

Helstu verkefni allra deilda eru neyðarvarnir og eru sjálfbóðaliðar til taks ef til útkalls kemur, fatasöfnun og skyndihjálparfræðsla. Margar deildir sinna mun fleiri verkefnum, allt eftir því hver þörfin er í nærsamfélaginu. Deildirnar eru fjórar á höfuðborgarsvæðinu, fimm á Norðurlandi, níu á Austurlandi, níu á Suðurlandi/Suðurnesjum, sjö á Vestfjörðum og sjö á Vesturlandi.

Félagar Rauða krossins á Íslandi

Í lok árs 2018 voru félagsmenn 20.192 talsins. Nýir félagar með skráð inngöngu-ár 2018 voru 738 og hættir félagar 405.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins

Fjöldi sjálfbóðaliða

Á hverju ári bætast nýir sjálfbóðaliðar í hóp virkra sjálfbóðaliða. Á árinu 2018 voru gerðir 857 nýir samningar við sjálfbóðaliða. Þegar talað er um nýja samninga þá er átt við þá sem ekki áttu samning fyrir í kerfinu við Rauða krossinn eða að fólk kemur aftur til starfa eftir hlé.

Í lok árs voru skráðir 3.062 sjálfbóðaliðar hjá deildum Rauða krossins á Íslandi í 3.714 verkefnum. Margir sjálfbóðaliðar sinna fleiri en einu sjálfbóðastarfi. Á árinu hættu 929 sjálfbóðaliðar í 1008 verkefnum.

Nýir í verkefni voru 817 sjálfbóðaliðar í 888 verkefnum.

Sumir sjálfbóðaliðar byrja og hætta á sama ári og þegar teknir eru saman allir sjálfbóðaliðar sem voru skráðir sjálfbóðaliðar á árinu 2018 voru það **3833 einstaklingar sem voru í 4709 verkefnum.**

Sjálfbóðaliðar í verkefnum

Verkefni sjálfbóðaliða skiptast í eftirfarandi meginflokka:

Vinaverkefni eru þau verkefni sem ætlað er að draga út félagslegri einangrun með heimsóknunum, símtölum, samveru hóps eða aðstoð við félagslegar athafnir.

Starf með ungu fólki eru af stærstum hluta námsaðstoð sem margar deildir sinna. Auk þess eru nokkrar deildir með einhverskonar ungmennastarf.

Fataverkefni Rauða krossins er fjölpætt og margir sjálfbóðaliðar sem koma þar að. Sjálfbóðaliðar koma að söfnun fatnaðar, flokkun, sölu fatnaðar í búðum eða mörkuðum, úthlutun fatnaðar og framlag í fatapakka. Á árinu lauk síðastnefnda verkefninu sem kallað er „Föt sem framlag“ í þeirri mynd sem það hefur verið hingað til.

Starf með fólki af erlendum uppruna

er verkefni sem er sístækkandi í fjölbreyttu samfélagi. Fólk af erlendum uppruna stendur til boða að sækja íslenskuþjálfun, fá stuðning frá innfæddum til að fóta sig í nýju samfélagi, sækja félagslega viðburði svo eitthvað sé nefnt.

Til neyðarvarna Rauða krossins teljast ýmis verkefni svo sem fjöldahjálp, áfallateymi, viðbragðshópar sem bregðast við ef til útkalls kemur og Hjálparsíminn 1717 sem sjálfbóðaliðar sinna daglega.

Skaðaminnkun er verkefni sem á síðasta ári var starfrækt á tveimur stöðum á landinu, á höfuðborgarsvæðinu líkt og undanfarin ár og nú í Eyjafirði. Verkefnið miðar að því að veita jaðarsettum hópum í samfélaginu heilbrigðis- og nálaskiptiþjónustu.


Athvarf fyrir fólk með geðraskanir er starfrækt í Reykjavík og koma sjálfbóðaliðar að helgaropnun athvarfs á Akureyri.

Stjórna- og nefndastörfum sinna margir sjálfbóðaliðar um allt land.

Til tímabundinna verkefna teljast oft styttri fjárfundunarverkefni fyrir deildir, tilfallandi viðhaldsverkefni og aðstoð við tilfallandi viðvik í deild.

Kvennadeild Reykjavíkur heldur utan um verlanir á spítölum borgarinnar auk handverkshóps sem selur varning til styrktar starfi Rauða krossins.

Fjöldi og hlutfall sjálfbóðaliða eftir verkefnum



- Fataverkefni **26%**
- Kvennadeild Reykjavíkur **3%**
- Neyðarvarnir **25%**
- Skaðaminnkun **4%**
- Starf í athvarfi **1%**
- Starf með fólki af erlendum uppruna **10%**
- Starf með ungu fólki **4%**
- Stjórna- og nefndarstörf **14%**
- Tímabundin verkefni **1%**
- Vinaverkefni **12%**

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfi deilda**

Tegund námskeiða	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Fjöldahjálparnámskeið	9	162
Hjálparsímanámskeið	3	33
Sálrænn stuðningur	18	183
Sjálfböðaliðafræðsla	10	178
Vinaverkefnanámskeið	19	130
Grunnnámskeið	1	276
Sálrænn stuðningur II		
Samtals	60	962

Auk ofangreindra námskeiða héldu margar deildir ýmskonar skyndihjálparnámskeið.

Þá voru starfsmenn og sjálfböðaliðar sendir á ýmis sérhæfð námskeið í neyðarvörnum. Meðal þeirra má nefna: Símsvörun í kjölfar flugslysa (námskeið haldið af FEI Behavioral Health), skráning á upplýsingum um látna og aðstandendur þeirra í kjölfar atburða þar sem fjöldi fólks lætur lífið (námskeið haldið af Interpol) og ýmis námskeið í aðgerðastjórnun og samhæfingu aðgerða.

Rúmlega 60 manns sóttu neyðarvarnar-ráðstefnu á Akureyri í október þar sem fjallað var um ýmsa þætti neyðarvarna og almannavarna.

Námskeið

Á hverju ári eru ýmis námskeið haldin fyrir sjálfböðaliða í deildum, hér að ofan má sjá tegund námskeiða, fjölda námskeiða og fjölda þátttakenda á námskeið sem skráð voru í gagngrunn Rauða krossins á árinu. Vakin er athygli á því að grunnnámskeiðið er vefnámskeið og því er einungis um eitt námskeið að ræða og öllum sjálfböðaliðum skylt að taka.

Neyðarmiðstöð - Neyðarvarnir Námskeið, fundir, æfingar og ráðstefnur

151 nýr sjálfböðaliði var þjálfður í inngangi að neyðarvörnum á 8 námskeiðum. Námskeiðin voru haldin á Sauðárkróki, Siglufirði, Hveragerði, Flúðum, Laugarvatni, Mosfellsbæ, Snæfellsbæ og Höfn.


Fjöl margar æfingar voru haldnar á árinu. Þær umfangsmestu voru flugslysaæfingar á Egilsstöðum, Húsavík og Bíldudal og rútuslysaæfing á Norðfirði.

Nýungar fyrir deildir


Á árinu kom út ný handbók um sjálfböðaliðastjórnun sem er að finna á sjálfböðaliðavef Rauða krossins. Handbókin var unnin úr efni alþjóða Rauða krossins og í samræmi við vinnureglur sem Rauði krossinn víða um heim hefur tileinkað sér og ætlað öllum þeim sem stýra sjálfböðaliðum í vinnu, hvort sem um er að ræða starfsfólk, stjórnarmenn deilda eða hópstjóra í ákveðnum verkefnum.

Veggspjald með grundvallarhugsjónum ásamt skilgreiningum kom út á sjálfböðaliðavef til útprintunar sem hægt er að hengja upp á svæðum sjálfböðaliða.

Fjöldi sjálfböðaliða í útköllum eftir landshlutum




Fjöldi útkalla eftir landssvæðum



Innanlandsstarf Samantekt úr starfi deilda

Tegundir útkalla



Útköll viðbragðsteyma Rauða krossins Tegundir útkalla

Ástæður fyrir aðkomu að atviki eru margar. Aðkoma er einkum sálrænn stuðningur eða áfallahjálpar, eftirfylgd og tilvísun, en í einhverjum tilfellum snýst aðkoman einnig um grunnþarfir. Aðeins er valinn einn flokkur fyrir hvert útkall. Inn í tölu um andlát eða slys getur tví t.d. falist endurlifgun, en útkallið flokkast sem andlát. Innan flokksins „Umferðaróhöpp“ eru hópslys.

Í flokknum „Annað“ eru eftirfarandi ástæður: Fósturlát, uppspuni, mannhvarf, manndráp, leit, innbrot, lífshætta vegna ofnæmis og lífshætta vegna ofneyslu. Innan flokksins „andlát“ eru m.a. nokkur andlát vegna falls, hjartaáföll og vinnuvélaslys.

Skyndihjálpar

Skyndihjálpar kennsla hefur verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi í um 80 ár. Á skyndihjálparnámskeiðum er lögð áhersla á að kenna rétt viðbrögð í neyð og einfaldar aðferðir skyndihjálpar. Allt fræðsluefnið er gefið út af Rauða krossinum. Á árinu 2018 voru haldin alls 234 námskeið í skyndihjálpar. Alls luku 14.367 manns skyndihjálparnámskeiði árið 2018.

Skyndihjálpar á mannamótum

Skyndihjálparhópur Rauða krossins sinnti sjúkragæslu á nokkrum mannamótum. Meðal þeirra má nefna Color Run lita-hlaupið í Reykjavík og á Akureyri, Gung Ho hindrunarhlaupið í Reykjavík og 17. júní í Reykjavík.

Hjálparsími Rauða krossins 1717

Hjálparsími Rauða krossins 1717 gegnir því hlutverki að veita virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda. Hægt að leita til Hjálparsímans í gegnum símanúmerið 1717 og í gegnum netspjall 1717 (www.1717.is) allan sólarhringinn og er þjónustan gjaldfrjál. Alls bárust Hjálparsímanum 13.836 símtöl og net-spjöll árið 2018.

Hjálparsíminn sem hluti af neyðarvörnum. Þegar neyðarástand skapast innanlands gegnir 1717 hlutverki almenns upplýsinga-síma.

Starfsfólk og sjálfbóðaliðar

Við verkefnið starfa 6 starfsmenn, þ.e. einn verkefnastjóri, einn ráðgjafi á daginn í 50% stöðu og fjórir næturstarfsmenn í fjórum starfshlutföllum. Alls störfuðu rúmlega 100 sjálfbóðaliðar við verkefnið árið 2018.

Sýnileiki og auglýsingar

Hjálparsíminn heldur átaksviku á hverju ári auk reglulegra opinberra birtinga. Árið 2018 var farið í átaksverkefni á vegum Útmeð'a, samstarfsverkefni Hjálpar-símans og Geðhjálp. Útmeð'a, í samstarfi við grafíska hönnuðinn Viktor Weissshappel, hannaði peysur og bætur þar sem hver og einn gat útbúið sína eigin, einstöku peysu. Hugmyndin var að taka orð og ástand eða tilfinningar sem fólk á til með að fela, setja á peysu og bera með stolti. Alls voru hannaðar 11 útgáfur af bótum með hugtökum á borð við kvíði, reiði, þunglyndi og fleira, en hægt var að kaupa eins margar bætur og hver vildi og raða þeim að vild.

Herferðin heppnaðist einstaklega vel og vakti mikla athygli. Peysurnar og bætunarnar seldust upp aftur og aftur en allur ágóðinn rann til Útmeð'a. Auk þess hlaut hönnuðurinn Viktor Weissshappel fleiri en ein verðlaun fyrir hönnun sína á bótunum.

Flóttafólk og innflytjendur Kvótaflóttafólk

Á árinu 2018 komu alls 52 kvótaflóttamenn til landsins. Kvótaflóttafólkið settist að á Ísafirði og Flateyri, í Súðavík, Fjarðabyggð og Mosfellsbæ. Flóttafólk sem stjórnvöld buðu hingað árið 2018 kom frá Sírylandi, Írak og Úganda.

Fólk sem fékk verndarstöðu á árinu

Ekki er haldið utan um tölur um fjölda allra sem fá vernd og þar með leyfi til að dvelja á landinu á einum stað. En eftir því sem næst verður komist (skv. upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti, Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála) er heildartala þeirra sem komið hafa í boði stjórnvalda, fengið hafa alþjóðlega vernd eftir beiðni um hæli, viðbótarvernd, dvalarleyfi vegna mannúðarsjónarmiða, leyfi til að vera á landinu eftir umfjöllun kærunefndar útlendingamála eða komið hingað vegna beiðni um fjölskyldusameiningu alls 284 manneskjur á árinu 2018.^[1]

^[1] Útlendingastofnun The Directorate of Immigration, 'Asylum Statistics', 2018, viewed 20 June 2019 <https://www.utl.is/index.php/en/about-directorate-of-immigration/statistics#Conclusions1>; Information on no of resettlement refugees from Velferðarráðuneytið, viewed June 20, 2019, <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafoolk/fjoldi-flottamanna/>; Information on no of family reunifications from Útlendingastofnun, email date 11 Jan, 2019; Information on outcome of appeals from Kærunefnd útlendingamála, email date 9 Jan 2019.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfi deilda

Helstu verkefni í flóttamannamálum á árinu

Hinni miklu aukningu í komu flóttafólks til landsins fylgja ýmsar áskoranir. Flóttafólk kemur ekki lengur einungis í boði stjórnvalda sem kvótaflóttamenn, heldur á eigin vegum eða vegna beiðni um fjölskyldusameiningar. Stjórnvöld hafa unnið að endurskoðun móttökunnar í samræmi við þetta, m.a. með þátttöku Rauða krossins og vonir standa til að samræmt móttökuferli verði komið á í lok 2019.

Það er ný staða að verið sé að taka á móti flóttafólki í mörgum sveitarfélögum í einu á sama tíma með takmörkuðum mannafla. Eins hefur tala þeirra er koma gegnum fjölskyldusameiningar aukist svo um munar og móttaka þeirra reynir á samstarf fleiri aðila, ekki síst þegar fylgdarlaus börn eiga í hlut. Rauði krossinn er málsvari flóttafólks og það er ljóst að íslenskt samfélag á ýmislegt eftir ógert til að sem best verði staðið að móttöku fólks til landsins þannig að það fái notið krafta sinna og eins að samfélagið njóti góðs af mannaúðnum sem býr í nýjum íbúum landsins. Félagið vann m.a. samantekt um aðgengi að menntun fyrir ungt flóttafólk.

Sjálfbóðaliðar félagsins eru lykilmál til móttöku flóttafólks og endurskoðun á þjálfun og stuðningi við þau hefur staðið yfir sem endurskoðun verkferla og árangursmælinga.

Umsækjendum um alþjóðlega vernd fækkar en málsmeðferð lengist

Reynsla og starfsemi Rauða krossins með umsækjendum um alþjóðlega vernd á sér rúmlega þriggja áratuga sögu. Frá ágúst 2014 hefur félagið sinnt talsmannabjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi samkvæmt samningi við dómismálaráðuneytið sem og félagslegu hjálparstarfi og félagsstarfi fyrir sama hóp. Reynsla Rauða krossins af talsmannabjónustu og annarri aðstoð og bjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er jákvæð og telur félagið sig halda uppi afar öflugum og vönduðu starfi í þágu umsækjenda sem jafnframt stuðlar að vandvirkni,

skilvirkni og bættri málsmeðferð hvernig umsóknar.

Verkefnastjórnun Rauða krossins er árangursmiðuð og grundvallast í samfélagslegri nálgun og áreiðanleika (e. *community engagement and accountability*). Ánægjukannanir eru liður í bæði að meta reglulega hvernig Rauða krossinum gengur að ná markmiðum sínum, sem og gefa skjólstæðingum Rauða krossins tækifæri til að hafa áhrif á verkefni sem snýr að þeim og koma með ábendingar og tillögur eins og við á. Sýndu kannanir Rauða krossins almennt mikla ánægju með störf Rauða krossins af hálfu umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Alls sóttu 800 einstaklingar um alþjóðlega vernd á árinu 2018 samanborið við 1.096 árinu áður og 1132 umsækjendur árið 2016. Samsetning umsækjenda breyttist líka töluvert á árinu 2018 samanborið við árið á undan þar sem umsækjendum frá ríkjum sem hérlend stjórnvöld skilgreina sem örugg upprunaríki fækkaði úr 571 árið 2017 í 193 á árinu 2018. Á árinu 2018 lengdist meðalmálsmeðferðartími Útlendingastofnunar í öllum málum úr 121 degi í 156 daga sem hafði talsverð áhrif á störf Rauða krossins þar sem

lengri málsmeðferðartími hefur jafnan í för með sér aukið andlegt álag fyrir umsækjendur sem bíða svara við umsókn sinni.


Réttindagæsla í samræmi við samning við hérlend stjórnvöld

Talsmenn Rauða krossins sem sinna réttaraðstoð eru lögfræðingar með þekkingu á málum er lúta að alþjóðlegri vernd og flóttafólki og sinna hagsmunagæslu í þeirra þágu. Almennri upplýsingagjöf er auk þess sinnt í opnum viðtalstímum sem voru alls 189 á árinu 2018. Hlutfall þeirra umsækjenda sem nýttu sér aðstoð talsmanna Rauða krossins í málum hjá Útlendingastofnun var 99,1% og 98,8% í málum hjá kæruneftnd útlendingamála.

Öflugt félagsstarf með og í þágu umsækjenda um alþjóðlega vernd

Á árinu jókst aðsókn í félagsstarf hælisleitenda þrátt fyrir fækkun umsókna og voru komur umsækjenda 9962 talsins. Sú staðreynd sýnir að þörfin fyrir félagslegan stuðning er mikil. Sjálfbóðaliðar í verkefninu fá viðeigandi þjálfun til að takast á við þá áskorun að gera erfiða stöðu fólks bærilegri og veita þann félagslega stuðning sem um ræðir og felst í samskiptum við skjólstæðingana og láta

Fjöldi umsækjenda 2016-2018



Langur málsmeðferðartími fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd er áhyggjuefni en hann er í mörgum tilfellum rúmt ár á meðan markmið stjórnvalda er að afgreiða umsóknir á innan við 90 dögum. Alls var 195 einstaklingum veitt alþjóðleg vernd á árinu 2018, þar af 160 eftir málsmeðferð hjá Útlendingastofnun.

Innanlandsstarf **Samantekt úr starfi deilda**

sig stöðu þeirra í íslensku samfélagi varða. Tilgangurinn með félagslegum stuðningi er að létta fólki lífið í fjarlægum og ókunnugu landi og í sumum tilfellum að hjálpa því að takast á við afleiðingar áfalla og annað andlegt álag sem kann að fylgja ferðalagi þeirra til Íslands.

Eitt af grunnmarkmiðum verkefnisins er að búa til jákvæðan vettvang fyrir samskipti, affreygingu og virkni, nokkurs konar athvarf frá neikvæðum afleiðingum umsóknarferlisins. Þó er eðlilegt og viðbúið að fólki sé mikið í mun að ræða mál sem tengjast umsókn sinni um alþjóðlega vernd á viðburðum félagsstarfsins og mál sem snúa e.t.v. að brýnni hagsmunum en þörfinni fyrir félagslegan stuðning, s.s. hvað varðar heilbrigðisþjónustu, aðgengi að almenningssamgöngum og aðbúnað í búsetuúrræðum, svo nefnd séu nokkur dæmi sem voru áberandi á árinu 2018. Aðgengi að almenningssamgöngum er

forsenda fyrir því að halda úti félagsstarfi sem á að ná til sem flestra umsækjenda og má leiða líkur að því að aðsóknin í félagsstarfið hefði verið enn meiri ef aðgengi að almenningssamgöngum hefði verið almennara.

Sálrænn stuðningur og áfallahjálp

Á árinu 2018 var lögð aukin áhersla á að svara eftirspurn umsækjenda eftir auknum sálrænum stuðningi og nærri þrefalt fleiri útköll hjá áfallateymi Rauða krossins vegna mikillar andlegrar vanlíðunar umsækjenda miðað við árið 2017.

Mannúðarlög

Mannúðarverkefni Rauða kross hreyfingarinnar á áttaksvæðum grundvallast á

hlutverki hreyfingarinnar sem Genfarsamningarnir fela í sér. Það fjármagn sem Rauði krossinn á Íslandi veitti til mannúðarverkefna Alþjóðaráðs Rauða krossins á áttaksvæðum (ICRC), til að mynda í Sírylandi og Jemen, með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu, hefur ekki einungis farið í beina mannúðaraðstoð til þolenda. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur einnig unnið ötult að því að minna yfirvöld, hermenn, uppreisnarmenn og aðra bardagamenn á Genfarsamninga, þ.e. þau lög sem gilda í stríði og þá sérstaklega á mikilvægi þess að vernda almenna borgara og bann við kynferðislegu ofbeldi. Þessari upplýsingavinnu um reglur mannúðarlaganna heldur Rauði krossinn úti með reglulegum hætti á öllum svæðum átaka um allan heim og þá sérstaklega í þeim tilgangi að stuðla að vernd almennra borgara á stríðstímum.

Rauði krossinn á Íslandi er með fulltrúa í landsnefnd um mannúðarrétt sem hefur verið starfrækt frá árinu 2008 undir formennsku utanríkisráðuneytisins, en nefndina skipta einnig fulltrúar þriggja annarra ráðuneyta. Hlutverk nefndarinnar er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum, vera vettvangur umræðna um alþjóðleg mannúðarlög og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd laganna.

Stór áfangi í innleiðingu mannúðarlaga á Íslandi

Þann 5. desember 2018 samþykkti Alþingi refsíákvæði mannúðarlaganna í íslenskan rétt í þeim tilgangi að geta sótt aðila til saka sem framið hafa stríðsglæpi, glæpi gegn mannúð, glæpi gegn friði og hópmorðum. Frumvarpið var unnið í sam-

vinnu við landsnefnd um mannúðarrétt sem fylgdi gerð frumvarpsins sérstaklega eftir og var í samræmi við sameiginlega áætlun íslenskra stjórnvalda og Rauða krossins á Íslandi frá árinu 2015.

Alþjóðleg leitarþjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd

Ekki er óalgengt að fólk verði viðskila á flóttu frá heimalandi til öruggari staða. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að verða viðskila, ástæður eins og stríð eða náttúruhamfarir í heimalandi. Einstaklingar geta leitað til leitarþjónustu Rauða krossins ef þeir hafa misst samband við fjölskyldur sínar eða til að komast að hvað varð um nána ættingja sem saknað er. Leitarþjónusta Rauða krossins á Íslandi fer fram í samvinnu við alþjóðlega leitarþjónustu Rauða krossins og Rauða hálfmáans.

Á árinu 2018 sendi leitarþjónusta Rauða krossins út sjö leitarbeiðnir vegna sextán einstaklinga meðal annars til landa eins og Írak, Sírylands og Grikklands. Fjórar leitarbeiðnir skiluðu árangri á árinu og þrjár eru enn opnar og beðið mögulegra fréttu. Mun fleiri spyrjast fyrir um þjónustuna og kanna möguleika á að nýta sér hana.

Það er afar mikilvægt fyrir þá sem orðið hafa viðskila við ástvinu sína að eiga þess kost að fá aðstoð við leit að sínum nánustu og eiga von um að mögulega komist samband á að nýju. Það veitir ró að vita til þess að hafa gert allt sem mögulegt er til að leita að ástvinum.

Innanlandsstarf **Myndasýrpa frá starfinu**



Í fataverkefni Rauða krossins er framlag sjálfbóðaliða sérstaklega mikilvægt þar sem tekið var á móti um 3000 tonnum af fatnaði og öðrum textíl á árinu. Rauði krossinn rekur 13 fataverslanir um land allt þar sem seld eru notuð föt og skór á hagstæðu verði. Eingöngu sjálfbóðaliðar starfa í verslunum.



Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarþjónustan á höfuðborgarsvæðinu fékk afhentan nýjan, sérútbúinn bíl á árinu 2017. Bíllinn er stærri en sá fyrri og hentar enn betur til að sinna skjólstæðingum.

Innanlandsstarf **Myndasýrpa frá starfinu**



Sjálfbóðaliðar og starfmenn Rauða krossins sóttu ýmis sérhæfð námskeið í neyðarvörnum og fjölmargar æfingar voru haldnar á árinu. Þær umfangsmestu voru flugslysæfingar á Egilsstöðum, Húsavík og Bíldudal og rútuslysæfing á Norðfirði.



Alþjóðaverkefni

Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2018

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóða-hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem telur 191 landsfélög og samanlagt bera 17 milljónir sjálfbóðaliða starfið uppi á vettvangi. Aðilar hreyfingarinnar eiga það sameiginlegt að starfa samkvæmt sömu grunngildum. Starf félagsins grundvallast á því sérstaka hlutverki sem Genfarsamningarnir frá 1949 fela í sér og stoðhlutverki við stjórnvöld sem hvert landsfélag í sínu landi gegnir.

Í gegnum alþjóðlegt hjálparstarf veitir Rauði krossinn á Íslandi annars vegar lífsbjargandi mannúðaraðstoð til þolenda vopnaðra átaka og náttúruhamfara og hins vegar þróunaraðstoð vegna fátæktar og ójöfnuðar í fátækustu ríkjum heimsins. Þróunaraðstoð er einnig veitt á stríðs- hrjáðum svæðum og hamfarasvæðum, en sú hjálp er skilgreind sem þróunaraðstoð ef hún aðstoðar við byggingu innviða til lengri tíma, en er ekki tíma-bundin lausn við bráðri neyð. Rauði krossinn á Íslandi leggur sérstaka áherslu á að mæta þörfum berskjaldaðra kvenna og stúlkna og berst fyrir auknu jafnrétti kynjanna og gegn hvers kyns kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í sínum verkefnum. Sérstaða Rauða krossins og Rauða hálfmánans er að sjálfbóðaliðar og starfsfólk félaganna er gjarnan það heimafólk sem veitir jafnan fyrstu aðstoð í kjölfar hamfara og átaka. Þau voru á svæðinu áður en þörf var á utanaðkomandi aðstoð og verða þar áfram. Allt starf félagsins byggir á valdeflingu heimamanna. Þannig er stuðlað að skilvirkni og sjálfbærni verkefna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í heiminum. Í samvinnu við alþjóða-hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans getur Rauði krossinn á Íslandi veitt aðstoð á svæðum þar sem fá eða engin önnur alþjóðleg hjálparstök hafa aðgengi.

Hvort sem um ræðir mannúðaraðstoð eða þróunarsamvinnu er það ávallt forsenda alþjóðastarfs Rauða krossins að stuðningur sem er veittur taki mið af mismunandi og fjölbreyttum þörfum fólks

á vettvangi. Þess vegna er lagt höfuðáherslu á samstarf og samvinnu við heimafólkið á öllum sviðum verkefna, þannig að fólk sem verkefnum er ætlað að þjónusta eigi fulla aðild að mótun, framkvæmd og eftirliti verkefna.

Tekjur og framlög

Tekjur og framlög Rauða krossins vegna alþjóðlegs hjálparstarfs hafa aldrei verið hærrí en á árinu 2018 og endurspeglar þá miklu neyð, fátækt og ójöfnuð sem veröldin stóð frammi fyrir á árinu. Framlög Rauða krossins á árinu í alþjóðlegt hjálparstarf námu tæpum 514 milljónum króna sem er um 10% hækkun á milli ára. Helsti bakhjarl í alþjóðlegu hjálparstarfi Rauða krossins er utanríkisráðuneytið. Mannvinir Rauða krossins koma því næst en því fleiri sem þeir eru því fyrr getum við brugðist við brýnum neyðum og bjargað þar með lífum þeirra sem lenda í hamförum.

Aukinn viðbragðsflýttir

Á árinu 2018 var gerður ramma-samningur við utanríkisráðuneytið sem ætlað var að bæta skilvirkni og árangur í mannúðarstarfi Rauða krossins, meðal annars með því að gera fjármögnun mannúðaraðstoðar félagsins fyrirsjáanlegri og auðvelda skipulagningu hennar til lengri tíma.

Alls fékk Rauði krossinn 132.792.770 krónur á árinu 2018 og varði af þeirri upphæð 129.805.200 krónum til sex verkefna á árinu 2018 sem gera 98% nýtingu. Á sama tímabili lagði félagið alls 136.110.920 krónum í sömu verkefni.

Viðbragðsflýttir Rauða krossins jókst til mikilla muna á árinu 2018 í þeim verkefnum sem stjórnvöld hafa stutt við. Markmið með samningnum var að meðaldagafjöldi frá því að neyðarbeiðni bærst Rauða krossinum þar til ákvörðun er tekin yrðu 10 dagar en fyrir var meðaldagafjöldi 20 dagar. Raunin varð hins vegar sú að ákvörðun var tekin um viðbrögð að meðaltali eftir átta daga frá því að neyðarbeiðni barst. Mestu munar um að með rammisamningi þarf Rauði krossinn ekki lengur að sækja um staka

styrki til mannúðaraðstoðar heldur fær fyrirframgreidda upphæð í samræmi við samning milli ráðuneytisins og Rauða krossins. Því er hægt að bregðast skjótar við þegar neyð brestur á í stað þess að bíða eftir að umsóknir séu afgreiddar. Er samningurinn í anda skilvirkrar og áhrifaríkrar mannúðaraðstoðar og hefur þegar sannað gildi sitt að mati Rauða krossins.

Áherslur og verkefni á árinu 2018

Í samræmi við stefnu Rauða krossins á Íslandi varðandi alþjóðlegt hjálparstarf er lögð áhersla á valdeflingu kvenna og stúlkna, að koma flóttafólki til aðstoðar, að bjarga þolendum náttúruhamfara og vopnaðra átaka, stuðning við staðbundna getu og auknið viðnámsþol heima í héraði. Áherslusvæðin eru Afríka sunnan Sahara og Miðausturlönd. Eftirfarandi er samantekt á verkefnum Rauða krossins á þeim svæðum.

Miðausturlönd

Stærsta verkefnið á árinu var mannúðaraðstoð til þolenda vopnaðra átaka í Sýrlandi. Sérstök áhersla var lögð á flóttafólk innan landamæra **Sýrlands** með því að koma lífsbjargandi heilbrigðis-aðstoð til þeirra, styrkja innviði og berjast gegn kynferðislegu ofbeldi þar í landi. Aðstoð við sýrlenskt flóttafólk í **Libanon**, **Jórdaníu** og **Tyrklandi** var einnig fyrirferðarmikil sem og aðgerðir til að bregðast við versnandi ástandi í **Palestínu** og í **Jemen**. Sérstök neyðarsöfnun var haldin til að bregðast við ástandinu í Jemen. Söfnunarféð nam 15,5 milljónum og samanstóð af framlagi almennings og Rauða kross deilda og nærsamfélaga þeirra um land allt.

Afríka

Í Afríku var meginþungi aðgerða bundinn við að sporna við útbreiðslu Ebólu í **Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó** og samhliða var unnið að forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegu ofbeldi í tengslum við þau vopnuðu átök sem geysa í landinu og hafa gert um langt skeið. Í **Malaví** var áfram unnið að því að bæta heilsu og velferð um 150.000

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2018

manns í þremur héruðum landsins og þegar fæðuskorts fór að gæta í kjölfar þurrka var stóru verkefni hrundið af stað til að að fæða skólabörn og um leið halda menntun þeirra gangandi. Í **Úganda** var unnið að betra heilbrigði og líðan flóttamanna frá **Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó** og frá **Suður Súdan** sem eiga það sameiginlegt að hafa orðið að flýja heimalönd sín vegna vopnaðra átaka. Úganda er það land sem hefur tekið á móti hvað flestu flóttafólki undanfarin ár og hefur þurft til þess utanaðkomandi stuðning. Í **Sómalíu** brást Rauði krossinn við miklum þurrkum sem ollu fæðuskorti og á sumum svæðum alvarlegri van-næringu og hungri sem fyrst og fremst bitnar á börnum og þeim sem eru berskjaldaðir fyrir. Í **Sierra Leóne** var unnið að samfélagslegri endurhæfingu í kjölfar ebólufaraldursins sem gekk yfir landið á 18 mánaða tímabili frá maí 2014 til nóvember 2016. Verkefnið var framkvæmt í átta héruðum í Sierra Leóne og var unnið með það að leiðarljósi að auka hreinlætis- og heilbrigðisvitund í landinu og endurvekjja traust almennings til fagfólks og opinberrar þjónustu á sviði hreinlætis- og heilbrigðismála. Þá vinnur Rauði krossinn á Íslandi að metnaðarfullu verkefni í samstarfi við Alþjóðasambandið sem hefur það markmið að stórefla starf 11 landsfélaga

hreyfingarinnar í Afríku. Verkefnið snýr að bætingu tæknilegra innviða félaganna og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í hjálparstarfi. Þannig geta landsfélögin stórukið skilvirkni og umfang verkefna sinna á sama tíma og þau búa yfir aukinni færni til að viðhalda á sjálfbærnan hátt innviðum og þekkingu í upplýsinga- og samskiptatækni. Rauði krossinn vinnur þetta mikilvæga uppbyggingarverkefni í góðu samstarfi við fjögur íslensk fyrirtæki: **Íslandsbanka, Þekkingu, Sýn og Reiknistofu bankanna**, en fyrirtækin lána Rauða krossinum sérfræðinga á sviði upplýsinga- og samskiptatækni verkefninu að kostnaðarlausu. Frá árinu 2016 hafa þrjú sérfræðingar farið til Tansaníu, Búrúndí, Sambíu, Úganda, Líberíu, Malaví, Senegal, Mósambík og Gambíu til að aðstoða landsfélögin við úttektir, skipulag og uppbyggingu tæknilegra innviða.

Evrópa


Á árinu 2019 lýkur formlega verkefni Rauða krossins á Íslandi í **Hvíta Rússlandi** sem hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif fyrir fólk með geðfötlun í höfuðborginni Minsk. Þá studdi Rauði krossinn granna okkar á **Grænlandi** með því að koma ungmennaverkefni á laggirnar á árinu 2017 sem klárast að öllu óbreyttu á árinu 2019 en það hefur verið

mikil og góð samvinna á milli Rauða krossins á Grænlandi og á Íslandi. Brugðist var við neyðarkalli Rauða krossins í **Svartfjallalandi** sem þurfti utanaðkomandi stuðning til að koma til móts við þarfir flóttafólks í landinu og í **Armeníu** og **Georgíu** unnum við að bættum neyðarvörnum og eflingu sálfélaglegs stuðnings. Þá hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt dyggilega við **fræðasetur Rauða krossins í sálrænum stuðningi** og aukið samstarfið á undanföllum árum.

Sendifulltrúar


Neyðartjaldsjúkrahúsið í Bangladesh var starfsvettvangur margra þeirra er sinntu sendifulltrúastörfum fyrir Rauða krossinn á árinu 2018 sem og árið 2017. Afríka kallaði einnig til sín sendifulltrúa til starfa í samstarfsverkefnum í ýmsum löndum álfunnar og innan Evrópu var til kallað til sérfræðikunnáttu einstaklinga á Veraldarvaktinni í verkefni bæði til lengri og skemmri tíma, en fyrir utan að fara í dæmigerðar starfsferðir eru íslenskir sendifulltrúa eftirsóttir til kennslu á námskeiðum Rauða krossins víðar en aðeins á Íslandi.

Framlög til alþjóðlegs hjálparstarfs 1999-2018



Alþjóðaverkefni

Sendifulltrúar í eftirfarandi löndum og helstu verkefni á árinu:



Alþjóðaverkefni **Myndasyrpa frá starfinu**



Rauði krossinn á Íslandi hefur frá því í september á síðasta ári stutt við tjaldsjúkrahús Rauða krossins í Bangladess sem sinnir lækniþjónustu vegna líkamlegra sjúkdóma og áverka meðal Róhingja í flóttamannabúðunum. Alls hafa 24 sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi starfað á sjúkrahúsinu, þökk sé mánaðarlegum framlögum Mannvina Rauða krossins.



Vandamál í Jemen eru gríðarleg og margslungin. Dauðsföll í landinu eru mikil vegna vopnaðra átaka, skorts á mat, heilbrigðiskerfið hefur eyðilagst í átökunum og innviðir og grunnstoðir landsins hafa lamast. Myndir: ICRC.



Aðstæður í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó eru sérlega erfiðar og flóknar en ebólufaraldurinn geisar á afskekktum svæðum og á svæðum þar sem vopnuð átök hafa staðið yfir í 20 ár. Mynd: IFRC.



Rauði krossinn hefur lagt áherslu á að tryggja flóttafólki í Úganda aðgengi að drykkjarvatni, koma upp salernis- og hreinlætisaðstöðu og auka fræðslu um mikilvægi hreinlætis.

Alþjóðaverkefni **Myndasýrpa frá starfinu**



Rauði krossinn sinnir einstöku þróunarsamstarfi við Rauða krossinn í Malaví sem miðar að því að stórbæta líf 150.000 manns á strjálbýlum svæðum í þessu fátæka landi.



Mynd: IFRC.



Ívar Schram, verkefnastjóri í alþjóðaverkefnum, með hópi barna í Sierra Leóne.



„Purrkurinn hér hefur haft áhrif á okkur. Við misstum 25 kameldýr og 150 geitur og kindur“ segir Fadumo. „Við eigum ekkert núna. Við erum upp á ættingja okkar komin með mat og aðrar nauðsynjar.“ Fjölskyldur í Sómalíu, eins og Fadumo, sem treysta á búfénað til að lifa eru í áhættuhóp þeirra sem svelta og fá sjúkdóma ef ekki fer bráðlega að rigna.



Mynd: SARC.



Ekki sér enn fyrir endann á átökunum í Sýrlandi sem staðið hafa yfir frá árinu 2011 með tilheyrandi eyðileggingu og mannfalli. Heilu íbúðahverfin, verslanir, vatns- og rafveitukerfi eru eyðilögð eða skert á ýmsum svæðum, ásamt skólum, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Myndir: ICRC.

Fjármál

Tekjur og framlög 2018

Heildartekjur Rauða krossins til verkefna á árinu 2018 hækkuðu um 9% frá fyrra ári og voru 2.788 milljónir króna.

Stærsti tekjuliðurinn voru samningsbundin verkefni fyrir ríki og sveitarfélög sem jukust um tæp 30% milli ára og námu alls 971 milljónum króna. Um er að ræða tekjur vegna samninga um þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd, alþjóðlegt hjálparstarf, sjúkrabíla og athvörf. Tekjur af söfnunarkössum lækkuðu umtalsvert á milli ára eða um 76 milljónir króna (13%) og námu 510 milljónum króna. Sölustarfsemi nam alls 429 milljónum króna og fjárframlög frá almenningi og fyrirtækjum voru 416 milljónir króna, þar af voru félagsgjöld til deilda alls 28 milljónir króna.

Rauði krossinn ráðstafaði alls 2.614 milljónum króna til verkefna sem var 340 milljónum króna meira en árið áður. Tæpum helmingi var ráðstafað í innanlandsstarf þar sem stærstu verkefni voru þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd alls 394 milljónir króna og deildastarf sem nam 194 milljónum króna. Alls var varið 528 milljónum króna í ýmis konar hjálparstarf innanlands, s.s. athvörf og Hjálparsímann auk þess sem 117 milljónir króna fóru í skyndihjálp og neyðarvarnir.

Alls varði félagið 514 milljónum króna í alþjóðlegt hjálparstarf og alþjóðasamstarf sem var um 50 milljóna króna aukning milli ára og af því komu tæpar 270 milljónir króna frá ríkinu í gegnum rammasamning og aðra samninga við utanríkisráðuneytið.


Stærstu verkefni tengdust sýrlenskum flóttamönnum, alls tæpar 200 milljónir króna. Þá fóru umtalsverð framlög til Palestínu, Kongó, Úganda, Malaví og Jemen. Framlög deilda til alþjóðlegs hjálparstarfs námu alls 9 milljónum króna.

Hagnaður Fatasöfnunar jókst um 6 milljónir króna milli ára og var 85 milljónir króna. Flutt voru út alls 3.076 tonn af fatnaði sem er svipað magn og árið áður.


Tekjur af sjúkraflutningum námu alls 576 milljónum króna, þar af var framlag ríkisins 217 milljónir króna.

Heildarfjöldi stöðugilda hjá félaginu voru að meðaltali 105 á árinu, þar af voru að jafnaði 2 sendifulltrúar að störfum allt árið.

Þróun tekna síðustu 5 ár




Útgjöld eftir verkefnum



- Innanlandsstarf **47%**
- Alþjóðlegt hjálparstarf **17%**
- Alþjóðlegt samstarf **3%**
- Sjúkraflutningar **16%**
- Fjáröflun, samskipti og kynning **12%**
- Önnur starfsemi **5%**

Verkefni innanlands



- Deildarstarf **18%**
- Skyndihjálp og neyðarvarnir **7%**
- Athvörf Rauða krossins **12%**
- Hjálparsíminn **3%**
- Flóttamenn og hælisleitendur **35%**
- Einstaklingsaðstoð **1%**
- Félagslegur stuðningur **14%**
- Önnur verkefni **10%**

Alþjóðaverkefni



- Palestína **15%**
- Líbanon **15%**
- Kongó **14%**
- Úganda **13%**
- Malaví **12%**
- Jemen **7%**
- Annað **11%**

Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2018	2017	2016	2015	2014	2013
Söfnunarkassar	510	586	560	497	497	447
Frjáls framlög	416	333	357	309	322	311
Samningar við stjórnvöld	971	763	731	374	348	305
Sjúkraflutningar	345	320	323	265	223	191
Sölustarfsemi	429	426	390	340	320	294
Aðrar tekjur	117	128	75	88	219	93
Samtals	2.788	2.556	2.436	1.873	1.929	1.641

Framlög til verkefna í milljónum króna	2018	2017	2016	2015	2014	2013
Alþjóðahjálparstarf	442	404	414	255	304	350
Alþjóðasamstarf	72	60	60	67	52	58
Innanlandsstarf	1.234	960	803	598	603	463
Sjúkraflutningar	425	409	378	399	337	307
Hjálparsíminn 1717	46	28	32	32	30	27
Athvörf Rauða krossins	115	114	95	91	78	81

Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2018	%
Innanlandsstarf	1.234	47%
Alþjóðlegt hjálparstarf	442	17%
Alþjóðasamstarf	72	3%
Sjúkraflutningar	425	16%
Fjáröflun og kynning	321	12%
Önnur starfsemi	120	5%
Samtals	2.614	100%

Sundurliðun innanlands	2018	%
Deildarstarf	195	16%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	117	9%
Athvörf Rauða krossins	115	9%
Hjálparsíminn	46	4%
Flóttamenn og hælisleitendur	394	32%
Einstaklingsaðstoð	120	10%
Félagslegur stuðningur	152	12%
Önnur innanlandsverkefni	95	8%
Samtals	1.234	100%

Alþjóðlegt hjálparstarf	2018	%
Neyðaraðstoð	316	72%
Próunarsamvinna	99	22%
Sendifulltrúar	27	6%
Samtals	442	100%



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
central@redcross.is • www.raudikrossinn.is